



Rekstraráætlun 2022

Forsendur rekstraráætlunar

Rekstraráætlun er unnin af framkvæmdastjóra og samþykkt af stjórn stofnunarinnar miðað við núverandi stöðu hennar.

Rekstrartekjur eru áætlaðar 12,7 m.kr., þar af 9,7 m.kr. sem framlag ráðuneytis á fjárlögum ársins, aðrir styrkir vegna viðburða eru áætlaðir kr. 480.000, leigutekjur af vinnuaðstöðu 2,5 m.kr. og árgjöld kr. 60.000.

Gert er ráð fyrir að **rekstrargjöld** verði í heildina 10,6 m.kr., þar af 3 m.kr. vegna reksturs húsnæðis, annar rekstrarkostnaður er áætlaður 1,3 m.kr., laun og launatengd gjöld vegna 50% starfshlutfalls framkvæmdastjóra 4,2 m.kr. og verkefnakostnaður 2 m.kr.

Í **vaxtagjöldum** koma fram áætlaðar vaxtagreiðslur vegna þess láns sem tekið var vegna kaupanna á húsnæði AkAk í Sunnuhlíð 12 í byrjun ársins 2021.

Rekstrarniðurstaða ársins er áætluð tæplega 1 m.kr.

Skýringar á nokkrum liðum í rekstrargjöldum:

Rekstur húsnæðis: Kostnaður vegna hússjóðs er hærri en áður vegna hlutdeildar AkAk í endurnýjun brunavarna í Sunnuhlíð 12 sem húsfélaginu er gert að ráðast í.

Annar rekstrarkostnaður: Kostnaður vegna auglýsinga er hærri en áður vegna auglýsinga á vinnuaðstöðu hjá AkAk í samstarfi við Akureyrarbæ og meiri kostnaður við síma, net og vefsíðu miðað við fyrra ár helgast að hluta til af þjónustugjöldum vegna nýrrar vefsíðu sem gert er ráð fyrir að taka í gagnid á vormánuðum þessa árs.

Verkefnakostnaður: Gert er gert ráð fyrir að halda tvær fyrirlestraraðir á árinu, aðra fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna í bænum og hina fyrir bæjarbúa í tengslum við afmæli Akureyrarbæjar, að málþing verði haldið í samstarfi við Háskólann á Akureyri á vormánuðum, að AkAk standi einnig fyrir öðrum smærri viðburðum og taki í notkun nýja vefsíðu þegar kemur fram á þetta ár.

Rekstraráætlun 2022

	Áætlun 2022	Staða 30. apríl
Rekstrartekjur		
Styrkur frá ráðuneytinu.....	9,700,000	3,200,000
Aðrir styrkir.....	480,000	750,000
Útleiga á vinnuáðstöðu.....	2,500,000	750,000
Árgjöld.....	60,000	0
	12,740,000	4,700,000
Rekstrargjöld		
Rekstur húsnæðis.....	3,050,000	710,612
Annar rekstrarkostnaður.....	1,315,000	283,821
Laun og launatengd gjöld.....	4,275,337	1,430,416
Verkefnakostnaður.....	2,040,000	130,979
	10,680,337	2,555,828
Rekstrarhagnaður (-tap)	2,059,663	2,144,172
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		
Vaxtatekjur.....	10,000	
Vaxtagjöld.....	1,155,358	422,927
	-1,145,358	
Rekstrarniðurstaða	914,305	1,721,245

Áætlaður efnahagsreikningur í árslok

	Áætlun 2022
Eignir	
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	
Fasteign í Sunnuhlíð.....	25,800,000
	25,800,000
Handbært fé.....	2,000,000
	2,000,000
Eignir samtals	27,800,000
Eigið fé	
Stofnfé.....	1,083,000
Rekstrarniðurstaða.....	914,305
Óráðstafað eigið fé.....	6,888,520
	8,885,825
Skuldir	
Skuldir við lánastofnanir.....	18,614,175
	18,614,175
Ýmsar skammtímaskuldir.....	300,000
	300,000
Skuldir samtals	18,914,175
Eigið fé og skuldir samtals	27,800,000

Sundurliðun áætlunar

	Áætlun 2022	Staða 30. apríl
Rekstrargjöld		
Rekstur húsnæðis		
Hússjóður.....	1,280,000	172,756
Fasteignagjöld.....	470,000	174,675
Viðhaldskostnaður.....	200,000	0
Rafmagn.....	180,000	55,582
Ræsting og hreinlætisvörur.....	380,000	98,718
Tryggingar.....	190,000	183,980
Gjaldfærð tæki og áhöld.....	250,000	0
Kaffistofa.....	100,000	24,901
	3,050,000	710,612
Annar rekstrarkostnaður		
Póst- og sendingakostnaður.....	10,000	0
Auglýsingakostnaður.....	200,000	151,715
Pappír, prentun og ritföng.....	100,000	14,158
Endurskoðun og reikningsskil.....	475,000	0
Sími, internet og vefsíða.....	250,000	61,334
Ferðakostnaður.....	40,000	0
Fundakostnaður.....	100,000	22,811
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	20,000	3,158
Starfsmannatengdur kostnaður.....	20,000	0
Ýmis annar rekstrarkostnaður.....	100,000	30,645
	1,315,000	283,821
Starfsmannahald		
Laun og launatengd gjöld.....	4,275,337	1,430,416
Verkefnakostnaður		
Tvær fyrirlestraraðir	1,130,000	103,979
Málþing	200,000	0
Aðrir viðburðir	100,000	0
Endurskoðun heimasíðu	610,000	0
Samtals	2,040,000	103,979